

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir gegn netárásum, nr. 795/2019.

1. gr.

Almenn ákvæði.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr. kemur fram um hvaða ályktun er að ræða, þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

1.2 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1079 frá 11. maí 2026 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2019/797 um þvingunaraðgerðir gegn netárásum sem ógna Sambandinu eða aðildarríkjum þess, sbr. fylgiskjal 1.2.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 68/2023.

3. gr.

Viðurlög.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna skal sæta viðurlögum skv. 37. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 24. júní 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martín Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.2.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2026/1079****frá 11. maí 2026****um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2019/797 um þvingunaraðgerðir
gegn netárásum sem ógna Sambandinu eða aðildarríkjum þess**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 17. maí 2019 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2019/797 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun (SSUÖ) 2019/797 gildir til 18. maí 2028.
- 3) Á grundvelli endurskoðunar á viðaukanum við ákvörðun (SSUÖ) 2019/797 ætti að framlengja aðgerðirnar, sem settar eru fram í 4. og 5. gr. þeirrar ákvörðunar, að því er varðar einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem eru á skrá í þeim viðauka, til 18. maí 2027. Enn fremur ætti að uppfæra ástæðurnar fyrir því að fjórum aðilum og einni rekstrareiningu er bætt á skrána yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem falla undir þvingunaraðgerðir.
- 4) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2019/797 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun (SSUÖ) 2019/797 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

Ákvörðun þessi gildir til 18. maí 2028 og skal vera í stöðugri endurskoðun. Aðgerðirnar sem eru settar fram í 4. og 5. gr. gilda, að því er varðar einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem eru á skrá í viðaukanum, til 18. maí 2027.“

- 2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 11. maí 2026.

*Fyrir hönd ráðsins,**forseti*

K. KALLAS

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2019/797 frá 17. maí 2019 um þvingunaraðgerðir gegn netárásum sem ógna Sambandinu eða aðildarríkjum þess (Stjtið. ESB L 129 I, 17.5.2019, bls. 13, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2019/797/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <https://data.europa.eu/eli/dec/2026/1079/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eurlex.europa.eu>.Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.